Nd. 456. Nefndarálit

um frv. til laga um aukna landhelgisgæzlu.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Í nefndinni hefir komið fram nokkur skoðanamunur um það, hvort ráðast eigi þegar í útvegun 3. strandvarnarskipsins, eða bíða frekari reynslu um þau

tvö skip, sem fengin eru. Ennfremur er nokkurt álitamál um stærð þess nýja skips, útbúnað þess og aukastörf, sem því mætti ætla. Koma í því sambandi einkum til greina björgunarstarfsemi, strandmælingar og hafrannsóknir.

Reynsla síðari ára sýnir, að strandvarnarskipin búin, nokkrum björgunartækjum, geta jafnframt landhelgisvörninni veitt fiskibátaflotanum ómetanlegt öryggi, ef þau eru svo nærri veiðistöðvum, að auðveldlega verði til þeirra náð, þegar óhöpp ber að höndum.

Heita má, að fiskjar sé leitað á vetrarvertíð með ströndum landsins vestan, sunnan og austan, milli Ísafjarðardjúps og Gerpis, en það svæði er víðáttumeira en svo, að öruggt geti talizt um strandvörn og björgun með tveim skipum, einkanlega ef annað þeirra er staðbundið, svo sem verið hefir undanfarið við Vestmannaeyjar.

Vér lítum svo á, að nýtt strandvarnarskip mætti að skaðlausu vera nokkru minna en þau, sem nú starfa, en að sjálfsögðu eigi miður búið björgunartækjum en þau eru.

Meiri hlutinn telur eftir atvikum rétt að gera ráð fyrir útvegun 3. strandvarnarskipsins, og leggur því til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 8. apríl 1930.

| | | |
|---|---|---|
| Sveinn Ólafsson, form., frsm. | Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr. | Ólafur Thors. |

Jóhann Þ. Jósefsson.